

**Ræða nýkjörins formanns, Menja von Schmalensee,
á aðalfundi Fuglaverndar 23. mars 2023**

Fundarstjóri, góðir fundargestir.

Ég þakka fyrir kosninguna og það traust sem þið sýnið mér til að leiða störf stjórnar.

Vernd fugla og annarra lífvera hefur verið mér hugleikin frá því ég var smástelpa. Á æskuárum mínum var ég var búsett í hjarta Kaupmannahafnar og var því það sem Danir kallar malbiksbarn. Ég greip þó hvert tækifæri til að komast út í náttúruna, því þar leið mér ávallt best. Miklar andstæður stórborgar og óspilltrar náttúru gerðu að verkum að í ungum huga mínum varð gildi og sérstaða náttúrunnar mjög ljós, sem og nauðsyn þess að standa vörð um þann fjársjóð sem í náttúrunni felst. Ég hef í starfi mínu sem líffræðingur á Náttúrustofu Vesturlands síðustu tvo áratugi og sem stjórnarmaður í Fuglavernd síðan 2018 reynt eftir fremsta megni að starfa í þessum anda.

Félagið Fuglavernd gegnir ákaflegu mikilvægu hlutverki í þágu fugla- og náttúruverndar og hefur gert það í 60 ár. Starf félagsins hefur verið öflugt og margir mikilvægir sigrar hafa unnist, en þrátt fyrir það er það mitt mat að þær ógnir sem steðja að fuglum heims, þar með talið Íslands, hafi aldrei verið meiri en nú. Loftslagsvá af mannavöldum mun hafa skelfileg áhrif á vistkerfi jarðar og ljóst er að margar fuglategundir verða illa úti. Mjög mikilvægt er að bregðast við þessari vá, EN, hér þarf að vanda til verka og gæta þess að hraði og asi við að binda kolefni eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda verði ekki til þess að gengið verði með óafturkræfum hætti á þau náttúrulegu kerfi og tegundir sem við viljum einmitt vernda. Hér eigum við ekki að líta til skyndilausna, heldur tryggja að aðgerðir samræmist markmiðum um verndun lífbreytileikans, þar með talið þess breytileika sem felst í sterkum fuglastofnum.

Nærtækt dæmi um þann asa sem einkennir aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum eru stórtækar hugmyndir um fjölda vindorkuvera, sem jafnvel eru fyrirhuguð á eða við mikilvæg fuglasvæði. Á málþingi Fuglaverndar um vindorkuver og áhrif þeirra á fuglalíf, sem haldið var í fyrradag, kom einmitt vel fram hvaða hættur steðja að fuglum í þessu samhengi, og mikilvægi þess að flýta sér hægt.

Áætlanir um stóraukna skógrækt er annað nærtækt dæmi. Þótt vissulega sé nauðsynlegt að auka gróðurþekju Íslands og koma í veg fyrir áframhaldandi jarðvegsrof og -eyðingu, skal hér einnig vanda vel til verka. Mikilvægt er að sátt náist um skógrækt, landgræðslu og endurheimt vistkerfa, og verður í allri slíkri vinnu að líta til hagsmuna fugla, og þá sérstaklega hagsmuna þeirra tegunda sem eru ábyrgðartegundir Íslands, eða standa höllum fæti á heimsvísu.

Þótt ég hafi hér einungis nefnt örfá dæmi er ljóst að félagið Fuglavernd á ærið starf fyrir höndum á næstu árum og áratugum. Ég er tilbúin í þessa áskorun og hlakka til að starfa með góðri stjórn, starfsmönnum Fuglaverndar og öðrum sérfræðingum og aðilum sem láta sig fuglavernd varða, að því göfuga markmiði að standa vörð um hag fugla.

Að lokum vil ég þakka fráfarandi stjórnarformanni, Ólafi Nielsen og meðstjórnanda, Erpi Snæ Hansen, fyrir mikilvæg og vel unnin störf í stjórn Fuglaverndar undanfarin ár. Við munum sakna ykkar, en sem betur fer koma í ykkar stað tvær öflugar vísindakonur, sem munu án efa leggja mikið á vogarskálarnar í starfi Fuglaverndar.

Það er ef til vill tímanna tákn að kona taki hér við formennsku stjórnar Fuglaverndar, í fyrsta sinn í 60 ára sögu félagsins, og ég fagna því að konum fjölgar jafnt og þétt meðal þeirra sem sérstakan áhuga hafa á fuglum. Enn á félagið nokkuð í land við að ná jöfnu kynjahlutfalli á meðal félaga, en ég hef trú á að það takist á næstu árum. Fuglar þurfa á öllum tiltækum liðsmönnum að halda, óháði kyni, aldri, menntun og búsetu. Þannig náum við árangri í fuglavernd, náttúrunni, og þar með okkur öllum, til hagsbóta.

Takk fyrir.